

## T I L L A G A

### **að starfsreglum um breytingu á ýmsum starfsreglum kirkjuþings.**

(Lagt fyrir kirkjuþing 2022-2023).

Flutt af Bryndísi Möllu Elíadóttur og Stefáni Magnússyni.

Frsm. Bryndís Malla Elíadóttir.

### **Starfsreglur um kirkjutónlist á vegum þjóðkirkjunnar nr. 1074/2017**

1. gr.

3. gr. starfsreglnanna fellur brott.

2. gr.

1. mgr. 7. gr. starfsreglnanna orðast svo:

Söngmálastjóri er skólustjóri Tónskóla þjóðkirkjunnar.

3. gr.

Í stað orðsins „kirkjuráð“ í starfsreglunum kemur: biskup í viðeigandi falli.

### **Starfsreglur um kosningu biskups Íslands og vígslubiskupa**

**nr. 9/2021-2022.**

4. gr.

2. másl. 7. mgr. 4. gr. breytist og orðast svo:

Kosningarrétt eiga vígðir starfsmenn á þjónustumiðstöð Þjóðkirkjunnar sem eru í föstu starfi.

Orðin „vígðir kennarar í föstu starfi við guðfræði- og trúarbragðafræðideild Háskóla Íslands“ í 7. mgr. 4. gr. starfsreglnanna falla brott.

5. gr.

18. gr. orðast svo:

*Birting niðurstöðu kosningar og útgáfa kjörbréfs.*

Birta skal á vefsvæði þjóðkirkjunnar upplýsingar um kosningaþátttöku og úrslit kosningar.

Að lokinni kosningu gefur kjörstjórn þjóðkirkjunnar út kjörbréf til biskups Íslands og vígslubiskupa.

## **Starfsreglur um kirkjuþing nr. 10/2021-2022.**

6. gr.

Eftirfarandi breyting verður á 6. gr. starfsreglnanna:

3. mgr. orðast svo: Kjaranefnd ákveður þingfararkaup.

## **Starfsreglur um þingsköp kirkjuþings nr. 11/2021-2022.**

7. gr.

3. mgr. 12. gr. starfsreglnanna orðast svo:

Nýkjörið kirkjuþing kýs þrjá fulltrúa og jafnmarga til vara til fjögurra ára í launanefnd Þjóðkirkjunnar, stjórn Skálholts og í Strandarkirkjunefnd. Kirkjuþing skal kjósa formann sérstaklega. Nefndirnar og stjórnin ákveða hver skuli vera fyrsti og annar varaformaður er komi úr röðum aðalmanna. Þriðji varaformaður er kosinn sérstaklega á kirkjuþingi úr röðum varamanna. Kosning gildir frá 1. júlí árið eftir kjör til kirkjuþings.

## **Gildistaka.**

8. gr.

Starfsreglur þessar, sem settar eru með heimild í 8. gr. laga um þjóðkirkjuna nr. 77/2021, öðlast gildi við birtingu.

### *Ákvæði til bráðabirgða*

Gefa skal út kjörbréf vígslubiskups á Hólum við gildistöku starfsreglna þessara.

### **Greinargerð.**

Starfsreglunefnd kirkjuþings flytur mál þetta að ósk forsætisnefndar. Einnig kom frá biskupi Íslands ósk um lagfæringu á starfsreglum um kirkjutónlist á vegum þjóðkirkjunnar.

Um er að ræða bæði tæknilegar lagfæringar og orðalagsbreytingar á starfsreglunum svo og breyting á efni en í starfsreglum um kirkjutónlist en lagt er til að söngmálastjóri þjóðkirkjunnar gegni jafnframt starfi skólastjóra Tónskóla þjóðkirkjunnar.

Einnig eru lagðar til viðbætur sem þörf er talin á að taka inn í regluverk þjóðkirkjunnar.

Um einstök ákvæði tillögunnar.

Um 1. gr.

Ekki þykir þörf á því að söngmálastjóri, sem er starfsmaður á biskupsstofu, geri árlega starfs- og rekstraráætlun, ársskýrslu og ársreikning.

Um 2. gr.

Söngmálastjóri þjóðkirkjunnar var jafnframt skólastjóri Tónskóla þjóðkirkjunnar til ársins 2000.

Lagt er til að breyta til fyrra horfs og auglýsa eina stöðu söngmálastjóra sem jafnframt verði skólastjóri Tónskólans. Jafnframt er gert ráð fyrir að nýr söngmálastjóri fái

svigrúm til að hugsa um breytta stöðu Tónskólans með tilliti til breyttra námsmöguleika fyrir orgelnemendur. Breyting, úr tveimur stöðum, stöðu söngmálastjóra og stöðu skólastjóra Tónskólans í eina stöðu, er lögð til í hagræðingarskyni samkvæmt almennum hagræðingarkröfum kirkjuþings.

Um 3. gr.

Ákvæðið þarfnast ekki skýringar.

Um 4. gr.

Lagt er til að í stað þess að ræða um vígða starfsmenn biskupsstofu sé rætt um vígða starfsmenn þjónustumiðstöðvar Þjóðkirkjunnar, sbr. starfsreglur um þjónustumiðstöð Þjóðkirkjunnar nr. 56/2021-2022, en þar er biskupsstofa annað af tveimur ábyrgðarsviðum miðstöðvarinnar.

Lagt er til að brott falli það ákvæði að kennarar við guðfræði- og trúarbragðafræðideild Háskóla Íslands hafi kosningarrétt við biskupskjör og kjör vígslubiskupa. Kirkjuþing 2018-2022 samþykkti árið 2019, að ósk deildarfundar deildarinnar, að fella ákvæði þar að lútandi brott. Vegna misgánings voru þau tekin aftur upp í endurskoðaðar tillögur að starfsreglum um kosningu biskups Íslands og vígslubiskupa á kirkjuþingi 2021-2022 og voru þær samþykktar þannig og eru nr. 9/2021-2022.

Um 5. gr.

Lagt er til að kjörstjórn gefi út kjörbréf til biskups Íslands og vígslubiskupa þegar kosið hefur verið til þessara embætta. Þykir eðlilegt að það komi í stað eldra kerfis þar sem forseti Íslands gaf út skipunarbréf biskups Íslands og vígslubiskupa.

Um 6. gr.

Þóknananefnd var lögð niður á kirkjuþingi 2021-2022 og var kjaranefnd Þjóðkirkjunnar falið að taka við verkefnum hennar.

Um 7. gr.

Lagt er til, að auk Strandarkirkjunefndar, kjósi kirkjuþing með sama hætti launanefnd Þjóðkirkjunnar og stjórn Skálholts. Launanefndin og stjórn Skálholts sóttu umboð sitt til kirkjuráðs en þar sem ráðið hefur verið lagt niður þykir rétt að kirkjuþing veiti eftirleiðis það umboð. Launanefndin var sett á laggirnar árið 2007 og stjórn Skálholts skipuð af kirkjuráði árið 2014 á grundvelli ályktunar kirkjuþings sama ár.

Um 8. gr.

Lagt er til að starfsreglur þessar öðlist gildi við birtingu.

Um ákvæði til bráðabirgða

Ákvæði til bráðabirgða felur í sér að kjörstjórn gefi út kjörbréf til handa vígslubiskupi Hólaumdæmis sem kjörinn var árið 2022.